

# Lög

**um breytingu á lögum um Orkustofnun, nr. 87/2003,  
og lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001,  
með síðari breytingum (niðurlagning orkuráðs).**

---

## I. KAFLI

**Breyting á lögum um Orkustofnun, nr. 87/2003, með síðari breytingum.**

1. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. 2. tölul. 2. mgr. fellur brott.

b. 6. mgr. orðast svo:

Ráðherra skipar þrjú menn í ráðgjafarnefnd Orkusjóðs til fjögurra ára, þar af skal einn skipaður formaður. Ráðgjafarnefndin skal gera tillögur til ráðherra um lánveitingar og einstakar greiðslur úr Orkusjóði samkvæmt fjárhags- og greiðsluáætlun sjóðsins.

## II. KAFLI

**Breyting á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis,  
nr. 13/2001, með síðari breytingum.**

3. gr.

Lokamálsliður 8. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Orkustofnun annast daglega umsýslu sjóðsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2015.

---

*Samþykkt á Alþingi 11. nóvember 2014.*